



FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS

Reykjavíkurlflugvöllur  
101 Reykjavík  
Sími 569 4100 · Fax 562 3619  
www.caa.is · fms@caa.is

Alþingi v/Austurvöll  
Hr. Ingvar Þór Sigurðsson  
nefndarritari  
150 REYKJAVÍK

Tilv. yðar

Dags.

Tilv. vor  
2006050036  
Bréfalykill:  
5.1.2

Dags.  
19. maí 2006

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/2178*  
*komudagur 29.5.2006.*

**Efni: Umsögn um lagafrumvörp til stofnunar Flugmálastjórnar Íslands (707. mál) og hlutafélag um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur (708. mál)**

Vísað er til bréfa samgöngunefndar dags. 5. maí, 2006, þar sem óskað er eftir umsögn Flugmálastjórnar Íslands um framangreind lagafrumvörp.

Flugmálastjórn Íslands hefur tekið þátt í undirbúningi þeirra breytinga, sem fyrirhugaðar eru á starfsemi stofnunarinnar og birtast í framangreindum frumvörpum. Yfirstjórn stofnunarinnar er sammála þeim markmiðum, sem fram koma í frumvörpunum um að skipta upp starfseminni í stjórnsýslu- og eftirlit annars vegar og þjónusturekstur hins vegar. Jafnframt er yfirstjórnin sammála þeirri leið, sem felst í frumvörpunum, um stofnun nýrrar stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunar, Flugmálastjórnar Íslands, og hlutafélags í eigu ríkisins til að sinna þjónusturekstrinum á sviði flugleiðsögu og flugvallareksturs.

Í meðfylgjandi viðauka er gerð grein fyrir þeim athugasemdum, sem Flugmálastjórn vill koma á framfæri varðandi tvö efnisatriði í lagafrumvörpunum. Annars vegar er um að ræða að tryggja sem best gjaldagrunn hinnar nýju stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunar og hins vegar að flugvellir og fasteignir þeim tilheyrandi verði ekki undanskildar í heimild til handa samgönguráðherra til að ráðstafa eignum til hins nýja þjónustufyrirtækis.

Virðingarfyllst

Þorgeir Pálsson  
flugmálastjóri

**Viðauki A****Umsögn Flugmálastjórnar um frumvarp til laga um Flugmálastjórn Íslands. Þingskjal nr. 1043 – 707. mál.**9. gr. Gjaldskrá o. fl.

Í 9. gr. er almenn gjaldtökuheimild.

Ekki verður séð af 9. gr. hvernig staðið skuli að heildarfjármögnun þeirra verkefna sem Flugmálastjórn eru falin samkvæmt öðrum greinum frumvarpsins. Gert er ráð fyrir gjaldtökuheimild fyrir eftirliti og útgáfu leyfa sem og annarri þjónustu án þess að gert sé ráð fyrir sérstöku fjárframlagi til að standa undir eiginlegri stjórnsýslu stofnunarinnar.

Telja verður að skýra beri þetta frekar í lögnum. Þannig ætti að gera grein fyrir heildarfjármögnun og öllum tekjustofnum Flugmálastjórnar Íslands í frumvarpinu.

**Umsögn Flugmálastjórnar Íslands um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands. Þingskjal nr. 1044 – 708. mál.**Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er samgönguráðherra heimilað að leggja tiltekna eignir til hins nýja hlutafélags til reksturs. Sérstaklega er áréttað að félagið yfirtaki nauðsynlegan búnað flugvalla, annan en fasteignir á flugvöllum og flugbrautir.

Er hér lagt til að gerð verði breyting á 1. málsg. 3. gr. svohljóðandi:

*“Samgönguráðherra er heimilt að leggja til félagsins eignir sem notaðar eru í þágu Alþjóðaflugþjónustunnar, skrifstofuhúsnæði og nauðsynlegan búnað flugvalla og tiltekna fasteignir á flugvöllum og flugbrautir samkvæmt ákvörðun ráðherra. Jafnframt að félagið yfirtaki réttindi, skuldir og skuldbindingar vegna flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstrar við stofnun þess, að lífeyrisskuldbindingum undanskildum.”*

Þar sem fyrirhugað er að samningar verði gerðir við hlutafélagið um rekstur flugvalla og flugleiðsöguþjónustu má telja eðlilegt að hlutafélagið hafi einnig eignarhald og umráðarétt yfir þeim fasteignum og flugbrautum sem það mun starfrækja. Með því er tryggður sveigjanleiki í rekstri og tryggt að félagið geti brugðist við með skjótum hætti við breytingum án þess að vera háð lagasetningu t.d. varðandi kaup og sölu eigna. Í tillögunni er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði hvaða fasteignir og flugbrautir séu lagðar til hlutafélagsins.

Jafnframt er sú tillaga gerð að félagið yfirtaki réttindi, skuldir og skuldbindingar vegna flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstrar við stofnun þess að lífeyrisskuldbindingum undanskildum. Rökin fyrir því að lífeyrisskuldbindingar ríkisins falli ekki til hins nýstofnaða hlutafélags eru þau að eðlilegt má telja að ríkissjóður standi við þær skuldbindingar sem hann

hefur undirgengist og stofnað til fyrir stofndag hins nýja félags. Þá mundi slík skuldsetning að líkindum sliga félagið þar sem ekki er fyrirséð með hvaða hætti hið nýja félag gæti staðið undir slíkum skuldbindingum án sérstaks fjárframlags ríkisins. Í ljósi þeirra almennu reglna, sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur sett um rekstur flugsamgönguþjónustu, væri félaginu ekki stætt á að fjármagna lífeyrisskuldbindingar starfsmanna frá því fyrir stofnun félagsins með því að taka slíkan kostnað inn í almennan rekstarkostnað, sem mætt er með tekjum af gjöldum á notendur þjónustunnar.